

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn. Breytingin markar lóð og setur skilmála um byggingu fyrir tengihús sæstrengs frá Írlandi í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir landið Bakka 2 í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. janúar 2022, nýtt deiliskipulag fyrir hluta landsins Bakka 2 í Ölfusi. Deiliskipulagið markar lóð fyrir frístundabyggð í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 28. febrúar 2022.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. mars 2022